



Náttúruverndarstofnun
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 6.6.2025

Málsnúmer: 202505-0056

IAS

Efni: Leyfi til framkvæmd á friðlýstum svæðum. Byggingarframkvæmdir við fjárhús.

Vísað er til erindis Náttúruverndarstofnunar, frá 28. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna byggingarframkvæmda við fjárhús innan náttúruverndarsvæðisins Mývatn og Laxá.

Byggingin er endurbygging á núverandi fjárhúsi, reyst er stálgrind á núverandi stað með nýjum sökklum og mun húsið lengjast fram um 1 m, verður 15 m en er í dag 14 m.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér leyfisumsóknina og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar eins og þeim er lýst. Um er að ræða endurbætur og lítilsháttar stækkun á núverandi fjárhúsi, á landi sem þegar hefur verið raskað og eru framkvæmdirnar ekki líklegar til að hafa áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur